

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, flugvallarsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Flugvallarsvæði við Eyjafjarðarbraut stækkar úr 45 ha í 103 ha, yfir svæði sem nú er skilgreint sem óbyggt svæði og almennt útivistarsvæði, auk þess sem gert er ráð fyrir um 300.000 m<sup>2</sup> landfyllingu.
- Mörk þéttbýlisuppdráttar færast austar og sunnar.
- Gert er ráð fyrir 1,2 ha stofnanasvæði á landfyllingu milli Drottningarbrautar og flugvallarsvæðis á mótis við gatnamót við Þórunnarstræti.
- Afmörkun á verndarsvæði óshólma Eyjafjarðarár breytist og verða vestur mörk þess austan flugvallarsvæðisins.
- Reiðleið og gönguleið eftir gamla þjóðveginum færast suður fyrir flugvallarsvæðið.
- Farvegur Brunnár breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, svæði á horni Skógarlanda og Seyðisfjarðarvegur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Reitur fyrir þjónustustofnanir við gatnamót Seyðisfjarðarvegur og Skógarlanda stækkar á kostnað opins svæðis til sérstakra nota og helgunarsvæðis Seyðisfjarðarvegur.
- Ný vegtenging frá Skógarlöndum inn á svæði fyrir þjónustustofnanir.
- Fyllt verður upp í tjörn sem fyrir er á opnu svæði til sérstakra nota.
- Fyrirkomulag göngustíga um svæðið breytist.